



## **NÝ LANDFYLLING, LÓÐIR OG AÐKOMUVEGUR AÐ STRAUMSVÍKURHÖFN**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi álversins í  
Straumsvík

**Greinargerð**  
**Apríl 2023**

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Forsendur breytinga</b>	<b>1</b>
1.1	Áfangaskipting heildar framkvæmdar	1
<b>2</b>	<b>Skilmálar deiliskipulagsbreytingar</b>	<b>2</b>
2.1	Lóðir	2
2.2	Nýir byggingareitir	2
2.3	Hafnarvegur / aðkomuvegur	3
2.4	Bílastæði	3
2.5	Lagnabelti	3
2.6	Girðingar	3
2.7	Veitur	3
2.8	Öryggismál	3
<b>3</b>	<b>Leyfisveitingar og tilkynningarskylda</b>	<b>4</b>
3.1	Leyfi sem framkvæmdin er háð	4
3.2	Tilkynningarskylda	4
<b>4</b>	<b>Umhverfismatsskýrsla</b>	<b>4</b>
4.1.1	Náttúruverndarsvæði	4
4.1.2	Jarðmyndanir	4
4.1.3	Gróður og fuglalíf	4
4.1.4	Lífríki sjávarbotns	4
4.1.5	Ásýnd og landslag	5
4.1.6	Straumar og öldufar	5
4.1.7	Minjar	5
4.1.8	Samfélag	5
4.1.9	Samgöngur	5
4.1.10	Loftslag og náttúruvá	5
<b>5</b>	<b>Samþykkt og staðfesting</b>	<b>5</b>



## 1 Forsendur breytinga

Gerð er breyting á deiliskipulagi álversins í Straumsvík, samþykkt dags. 27. maí 2003 m.s.br., í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Forsenda breytingar er að til stendur bæta hafnaraðstöðu við Straumsvíkurhöfn, bæta aðgengi að höfninni og skapa aðstæður fyrir iðnaðarstarfsemi og nýsköpunariðnað á hafnarsvæðinu.

Samhliða deiliskipulagi er gerð breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 þar sem:

- Nýr hafnarvegur er afmarkaður frá undirgöngum undir Reykjanesbraut.
- Gerð er breyting á umferðarskipulagi sunnan Reykjanesbrautar.
- Hafnarsvæðið er stækkað lítillega og skilmálar settir um fjölbreyttari starfsemi á svæðinu.
- Breyting á fyrirkomulagi iðnaðarsvæðis I5. Þar er svæðinu skipt í I5A, svæði norðan Reykjanesbrautar og I5B, svæði sunnan Reykjanesbrautar. Deiliskipulagssvæði er nú á svæði I5A, en ekki er gerð breyting á skilmálum aðalskipulags fyrir I5A.
- Rauðamelsnáma er afmörkuð.

Önnur skipulagsverkefni sem tengjast framkvæmdinni eru deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Kapelluhrauni og deiliskipulag Rauðamelsnámu. Einnig eru gerðar breytingar á deiliskipulagi Reykjanesbrautar og deiliskipulagi Hvaleyrar, golfvallar, til samræmingar.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á deiliskipulagi álversins í Straumsvík:


- Straumsvíkurhöfn (H4) er stækkuð með nýrri landfyllingu.
- Nýr aðkomuvegur frá nýjum undirgöngum undir Reykjanesbraut að nýrri landfyllingu afmarkaður.
- Nýtt lagnabelti afmarkað.
- Lóðir afmarkaðar á nýrri landfyllingu og settir eru skilmálar fyrir þær.

### 1.1 Áfangaskipting heildar framkvæmdar

Breyting á deiliskipulagi er liður í stærra verkefni sem felur í sér heildar stækkun Straumsvíkurhafnar. Framkvæmdin snýr að uppbyggingu hafnaraðstöðu í Straumsvíkurhöfn og bætt aðgengi frá iðnaðarsvæðum sunnan Reykjanesbrautar. Forsenda áætlana er að skapa aðstöðu fyrir umhverfisvænan nýsköpunariðnað á svæðinu.

Deiliskipulag þetta snýr að fyrsta áfanga landfyllingar og landfyllingu vegna aðkomuvegar. Mynd 1.1 sýnir fyrirhugaða heildar stækkun með blárrí afmörkun við deiliskipulagsupprátt.

Ástæða þess að ekki er gerð ein heildar breyting á deiliskipulagi vegna framkvæmdarinnar er að ekki liggja fyrir allar forsendur og hönnun vegna seinni áfanga framkvæmdanna. Gerð verður önnur breyting á deiliskipulagi þegar kemur að því að byggja seinni áfanga framkvæmdarinnar.



Mynd 1.1 er skýringarmynd sem sýnir fyrirhugaða heildar stækkun hafnarinnar, með bláu, á deiliskipulagsupprætti.

## 2 Skilmálar deiliskipulagsbreytingar

### 2.1 Lóðir

Lóðir á skipulagssvæðinu eru stórar til að rúma umfangsmikla atvinnustarfsemi. Almennt skal frágangur lóða vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og samþykkt aðal- og lóðarupprætti. Heimilt er að sameina eða skipta upp lóðum án þess að breyta þurfi deiliskipulagi þessu.

Lögð er áhersla á snyrtilegan frágang innan lóða. Ekki er heimilt að moka eða ryðja jarðvegi eða grjóti út fyrir lóðarmörk

Ef þurfa þykir er lóðarhafi skyldur til að girða lóð sína og þá í því formi sem bæjaryfirvöld óska. Bæjaryfirvöld geta látið viðhald fara fram á kostnað lóðarhafa, ef þeim finnst viðhaldi ábótavant, enda hafi þau gert lóðarhafa viðvart með nægum fyrirvara. Lóðarhafa er skylt að ganga frá byggingu að utan og lóð samkvæmt skilmálum og byggingarnefndarteikningum, eigi síðar en þremur árum eftir að framkvæmdir hefjast. Við gildistöku þessa deiliskipulags hafa lóðarhafar ófrágenginna lóða tvö ár til að ganga frá lóð sinni að viðlögðum dagsektum skv. gr. 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

### 2.2 Nýir byggingareitir

Á nýrri landfyllingu eru afmarkaðir fjórir byggingareitir. Tafla 2.1 sýnir stærðir og byggingarheimildir á lóðum. Heimilt er að reisa mannvirki fyrir starfsemi tengda höfninni, m.a. tanka, síló, lagnir, vöruhús og verkstæði.

Tafla 2.1 sýnir nýja byggingareiti, stærðir og byggingarmagn.

Bygginga-reitur	Stærð lóðar [m <sup>2</sup> ]	Stærð byggingareits [m <sup>2</sup> ]	Hámarks nýtingarhlutfall	Hámarks byggingarmagn [m <sup>2</sup> ]
1	11.400	9.720	0,60	5.832
2	5.850	4.680	0,60	2.808
3	25.430	19.680	0,60	11.808
4	7.510	4.040	0,60	2.424

Hæð bygginga skal vera í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu. Almennt skal hæð bygginga á lóðum ekki vera hærrí en 10 metrar en heimilt er að hlutar bygginga, s.s.



skorsteinar, síló og önnur há mannvirki mega vera hærri, enda liggi fyrir leyfi byggingarfulltrúa. Haft skal samráð við Vegagerðina við að skilgreina lægstu gólfkóta bygginga og landhæð lóða.

### 2.3 Hafnarvegur / aðkomuvegur

Ný aðkoma er afmörkuð frá nýjum undirgöngum undir Reykjanesbraut, norður fyrir álverið og inn á landfyllingu. Heimilt er að hnika legu vegarins að einhverju leyti frá afmörkun á uppdrætti vegna fullnaðarhönnunar vegar. Mikilvægt er að við uppbyggingu vegar verði flæðigrifjum ekki raskað.

### 2.4 Bílastæði

Bílastæði skulu leyst innan lóða og skal fjöldi þeirra taka mið af þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á lóðinni.

### 2.5 Lagnabelti

Nýtt lagnabelti er afmarkað og viðmiðandi lega þess sýnd. Áætluð breidd lagnabeltis er 14m. Lagnabeltið liggur frá lóð sunnan Reykjanesbrautar, undir Reykjanesbraut og inn á nýja landfyllingu. Hún mun tengjast starfsemi inn á lóð 3. Þá liggur lagnabelti frá lóð 3 til norðurs. Lagnabeltið er fyrir sérstakar lagnir en ekki fyrir grunnkerfi veitna þó grunnkerfi lagna gæti eftir atvikum legið á lagnabeltinu.

Þar sem gamlar flæðigrifjur eru á svæðinu er ekki mögulegt að grafa lagnirnar niður að öllu leyti. Gert er ráð fyrir að lagnir verði að hluta grafnar niður en munu einnig ná upp fyrir yfirborð, í allt að 2 metra hæð. Lagnir verða huldar með jarðvegi eða með öðrum aðferðum og er lögð áhersla á góða ásýnd eins og hægt er. Við frágang lagna skal þess gætt í hvívetna að öryggi allra sem leið eiga um svæðið sé tryggt. Þannig þarf sérstaklega að huga að aksturs- og árekstrarvörnum lagna sem liggja ofanjarðar. Fjallað er um grunnkerfi veitna í kafla 2.7.

### 2.6 Girðingar

Afmörkuð er ný girðing meðfram nýrri landfyllingu. Um er að ræða öryggisgirðingu vegna mögulegrar sprengihættu á svæðinu, en austan við girðinguna eru gasgeymar Gasstöðvarinnar.

Girðingar geta orðið allt að 4 m háar og mögulegt er að breikka hana og útfæra með einhverskonar mönum ef þess er þörf, öryggisins vegna. Heimilt er að gera hlið á girðinguna, en mikilvægt er að tryggja aðgengi inn á nýja landfyllingu úr suðri og eftir nýjum aðkomuvegi.

### 2.7 Veitur

Lega vatnsveitu, fráveitu, rafveitu og annarra veitna er ekki sýnd á skipulagsuppdrætti. Aðlögun veitukerfa að framkvæmdum verður gerð í samráði við Hafnarfjarðarbæ og viðeigandi veitustofnanir.

### 2.8 Öryggismál

Á svæðinu eru í dag gastankar Gasstöðvarinnar. Tankarnar eru niðurgrafnir og uppfylla núverandi öryggiskröfur. Gert er ráð fyrir að á nýrri landfyllingu verði tankar, m.a. fyrir fljótandi gös.

Lögð er áhersla á að geymsla og fyrirkomulag tanka uppfylli allar öryggiskröfur og staðla sem gilda um málaflokkunn. Eftir atvikum skal starfsemi á svæðinu uppfylla reglugerð um



varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna nr. 1050/2017. Gasfélagið og Rio Tinto eru flokkaðar sem starfsstöð sem falla undir hærri mörk skv. reglugerðinni.<sup>1</sup>

### 3 Leyfisveitingar og tilkynningarskylda

#### 3.1 Leyfi sem framkvæmdin er háð

- Gerð landfyllingar er háð framkvæmdaleyfi frá Hafnarfirði í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772.2012.
- Bygging vega og tengibrauta er framkvæmdaleyfisskyld.
- Bygging mannvirkja á lóðum í Straumsvíkurhöfn er byggingarleyfisskyld í samræmi við 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

#### 3.2 Tilkynningarskylda

Framkvæmdaaðili telur að stækkun Straumsvíkurhafnar sé tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar vegna mögulegrar matsskyldu, í samræmi við 13.02 tölulið 1. viðauka í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### 4 Umhverfismatsskýrsla

Fjallað eru um líkleg umhverfisáhrif deiliskipulagsbreytingar á umhverfið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

#### 4.1.1 Náttúruverndarsvæði

Fyrirhuguð landfylling er í námunda við svæði nr. 112, Straumsvík, sem er á C-hluta náttúruverndarskrár. Engin náttúruverndarsvæði eru á skipulagssvæðinu.

#### 4.1.2 Jarðmyndanir

Hafnarsvæðið er raskað og manngert. Landfyllingin er ekki talin hafa áhrif á jarðmyndanir sökum þess hve manngert umhverfið er. Hins vegar verður eldhrauni raskað við gerð aðkomuvegar, en eldhraun nýtur sérstakrar verndar í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

#### 4.1.3 Gróður og fuglalíf

Í athugun Náttúrufræðistofnunar í nóvember 2020 sáust samtals 14 fuglategundir í Straumsvík og var megnið af fuglunum innarlega í vikinni. Bar þá mest á máfum.<sup>2</sup> Grugg og hávaði frá framkvæmdum við landfyllingu gætu haft óverulega neikvæð áhrif á fuglalíf í Straumsvík á framkvæmdatíma.

#### 4.1.4 Lífríki sjávarbotns

Eitt strandsjávarhlot er við framkvæmdasvæðið Straumsvík-Kjalarnes nr. 104-1391-C.<sup>3</sup> Ný landfylling mun ekki hafa áhrif á einkenni strandsjávarhlotsins á svæðinu.

Landfyllingin og breytt lögum hafnar er utan við eldri landfyllingu og mun hylja sjávarbotn. Munu því verða varanleg og staðbundin neikvæð áhrif á botnlífverur á því svæði. Gert er ráð fyrir að lífríkið sé áþekkt því sem er í Hraunavík, austan við, en ekki er vitað um

<sup>1</sup> Vinnueftirlitið (2023). Stórslysavarnir. Sjá: <https://vinnueftirlitid.is/vinnuumhverfi/oryggi-heilbrigdi/efni-og-efnahaettur/storslysavarnir>

<sup>2</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands (2020). Breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni.

<sup>3</sup> Stjórn vatnamála (2022). Vatnavefsja.



neinar sjaldgæfar tegundir eða tegundir sem njóta verndar á því svæði. Því er talið að framkvæmdin muni ekki rýra verndargildi lífríkis á sjávarbotni og eru áhrifin því metin óveruleg.

#### 4.1.5 **Ásýnd og landslag**

Ásýndabreyting er talin óveruleg þar sem um er að ræða töluvert manngert umhverfi og stækkun hafnarinnar sambærileg þeirri ásýnd sem fyrir er á svæðinu. Frágangur fyllingar verður með grjótvörn, eins og er við núverandi aðstæður.

#### 4.1.6 **Straumar og öldufar**

Stækkun hafnarinnar er talin hafa óveruleg áhrif á strauma og öldufar.

#### 4.1.7 **Minjar**

Samkvæmt skráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar á fornleifum árið 2021 eru engar þekktar fornleifar þar sem fyrirhuguð landfylling mun vera, eða þar sem aðkomuvegur mun liggja.

#### 4.1.8 **Samfélag**

Markmið 3.1 í Svæðiskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2040 er „alþjóðleg samkeppnisstaða höfuðborgarsvæðisins verði styrkt með markvissu skipulagi sem samþættir skilvirkar samgöngur og eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði.“ Fjallað er um samgöngur í kafla 4.1.9. Breyting á deiliskipulagi er mikilvægur þáttur í að byggja upp eftirsóknarvert uppbyggingarsvæði fyrir nýsköpunariðnað. Ný landfylling, bættar samgöngutengingar og bætt aðstaða fyrir atvinnuuppbyggingu mun hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf á svæðinu.

Á svæðinu er starfsemi sem fellur undir reglugerð um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna nr. 1050/2017. Í skilmálum er fjallað um að farið verði eftir viðeigandi reglum vegna starfsemi á svæðinu og að kröfur um öryggisráðstafanir verði uppfylltar. Vegna þeirra krafna sem gerðar eru til starfseminnar er starfsemin ekki talin hafa neikvæð áhrif á öryggi.

#### 4.1.9 **Samgöngur**

Breytt hafnaraðstaða er liður í því að bæta samgöngur á höfuðborgarsvæðinu sem er hluti af markmiði 3.1. í svæðiskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Markmiðið er: „alþjóðleg samkeppnisstaða höfuðborgarsvæðisins verður styrkt með markvissu skipulagi sem samþættir skilvirkar samgöngur og eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði.“

#### 4.1.10 **Loftslag og náttúruvá**

Sett eru ákvæði um að ákvörðun um gólfkóta og landhæð á lóðum verði ákvörðuð í samráði við Vegagerðina. Þannig munu gólfkótar og landhæð vera í samræmi við spár um hækkandi sjávarstöðu og flóðahættu vegna hækkandi sjávarstöðu. Vegna þessara ráðstafana verða áhrif vegna umhverfisþátta óveruleg.

## 5 **Samþykkt og staðfesting**

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ var samþykkt í bæjarstjórn þann \_\_\_\_\_ 2023.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2023.